

VEFRIT DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS

4. TBL. 3. ÁRG. APRÍL 2008



Holtsós undir Eyjafjöllum.

772 veittur ríkisborgararéttur árið 2007

Alls fengu 772 einstaklingar íslenskt ríkisfang á árinu 2007, þar af voru 566 sem veittur var ríkisborgararéttur á grundvelli 7. gr. (áður 5. gr. a), í lögum um íslenskan ríkisborgararétt og 33 sem Alþingi veitti ríkisborgararétt samkvæmt 6. gr. sömu laga. 173 fengu ríkisborgararétt samkvæmt öðrum greinum laganna.

Flestir þeirra sem fengu íslenskt ríkisfang skv. 6. og 7. grein á síðasta ári eru fæddir í Póllandi, eða 159 talsins, 70 komu frá Filippseyjum og 41 frá Taílandi. Frá Serbíu komu 34 og 24 frá Bosníu-Hersegóvínu. 22 Litháar fengu íslenskan ríkisborgararétt á árinu. Flestir hinna nýju ríkis-

borgara eru á aldrinum 30-39 ára eða 196. Börn undir tíu ára aldri voru 104.

Af þeim 173 sem fengu ríkisfang samkvæmt öðrum greinum laganna má nefna 22 börn sem voru ættleidd af íslenskum foreldrum og 46 fullorðna sem fengu endurveitingu íslensks ríkisborgararéttar og 14 börn þeirra. Þá fékk 41 barn sem á íslenskan föður en erlenda móður og er fætt erlendis ríkisborgararétt á árinu. Meðfylgjandi eru töflur með nánari upplýsingum um veitingu ríkisfangs á síðasta ári. Sjá vefrit dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 5.tbl. 2. árg., vegna upplýsinga um árin 2002-2006.

Um íslenskan ríkisborgararétt

Almennt skilyrði fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar er að umsækjandi hafi átt lögheimili hérlandis í sjö ár. Umsækjandi sem er í hjúskap eða staðfestri samvist með íslenskum ríkisborgara þarf að hafa átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar, að því tilskildu að makinn hafi verið íslenskur ríkisborgari í fimm ár. Umsækjandi með ríkisborgararétt í einhverju hinna Norðurlandanna getur fengið íslenskan ríkisborgararétt hafi hann átt lögheimili hér á landi í fjögur ár. Sjá nánari upplýsingar um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar á vef ráðuneytisins.

Algengast er að dómsmálaráðherra veiti ríkisborgararétt samkvæmt umsókn á grundvelli 7. gr. í lögum um íslenskan ríkisborgararétt (áður 5. gr. a). Einnig er unnt að fá ríkisborgararétt með lögum frá Alþingi en umsókn þarf að leggja fram í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Eyðublöð vegna umsókna um ríkisborgararétt er að finna á vef ráðuneytisins. Afgreiðslutími umsókna er að meðaltali 6-12 mánuðir. Símatími vegna ríkisborgaramála er frá kl. 9-12 mánudaga til föstudaga í síma 545 9000.

Sjá nánar lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Fyrra ríkisfangsland

		7. gr.	6. gr.
Alls	599	566	33
Pólland	159	159	–
Filippseyjar	70	68	2
Taíland	41	41	–
Serbía	34	31	3
Bosnía-Hersegóvína	24	24	–
Litháen	22	22	–
Kína	19	18	1
Rússland	18	17	1
Víetnam	18	18	–
Bandaríkin	16	13	3
Marokkó	12	9	3
Úkraína	12	12	–
Króatía	6	6	–
Bretland	5	5	–
Rúmenía	5	5	–
Ríkisfangslausir	5	1	4
Önnur lönd	133	117	16

Aldur

		7. gr.	6. gr.
Alls	599	566	33
0–9 ára	104	100	4
10–19 ára	83	75	8
20–29 ára	79	72	7
30–39 ára	196	192	4
40–49 ára	87	81	6
50–59 ára	36	35	1
60 ára og eldri	14	11	3

Umsjón: Elísabet M. Jónasdóttir
elisabet.jonasdottir@dkm.stjir.is
Ábyrgðarmaður: Ragna Arnadóttir
www.domsmalaraduneyti.is
ISBN-9979-884-34-7

